



Í Álfhólsskóla á að segja frá einelti!

Markmið: Einelti er ekki liðið í Álfhólsskóla!

Skilgreiningar á einelti.

Einelti er áreiti sem á sér stað þegar ofbeldi beinist endurtekið að ákveðnum einstaklingi í lengri eða skemmri tíma. Í einelti felst misbeiting á valdi, sá kraftmeiri ræðst á þann kraftminni.

Einelti á sér stað milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps. Um er að ræða endurtekna árásir gegn einhverjum sem á erfitt með að verja sig eða eru minni máttar líkamlega eða andlega.

Einelti getur birst í ýmsum myndum, en algengt er að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt.

Dæmi um líkamlegt einelti:

Endurtekna árásir svo sem að lemja, hrinda, sparka og hárreita.

Dæmi um andlegt einelti:

Endurtekið neikvætt atferli svo sem að hóta, uppnefna, stríða, viðhafa niðrandi athugasemdir munnlega eða í formi skilaboða eða bréfa, sýna grettur, svipbrigði, svíkja, útiloka frá hópnum, breiða út sögur, ljúga upp á, þvinga til að gera eitthvað gegn vilja, skemma, fela og/eða stela eigum þolanda.

Einstaklingur sem verður fyrir einelti eða ofbeldi segir oft ekki frá því heldur skammast sín og kennir sjálfum sér jafnvel um. Þess vegna er mjög áriðandi að allir þekki einkenni eineltis.

Sjá nánar vísbendinar um einelti.

Mikilvægt er að tilkynna slíkan grun á sérstöku eyðublaði.

Fagfólk skólans greinir síðan vandamálið.